



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2021

## LAND2EL05

Almenn landafræði, eðlisræn landafræði

Kennari:	<b>Hekla Þöll Stefánsdóttir (HPS) hekla@fsu.is</b>
----------	--

### Áfangalýsing:

Landafræði fjallar um samspil manns og náttúru og gagnkvæm áhrif hvors á annað. Í þessum áfanga er lögð megináhersla á þann hlutann sem snýr að náttúrunni, hina svokölluðu eðlisrænu þætti landafræðinnar.

Í áfanganum er fjallað um landafræði sem fræðigrein, gerð og notkun margvíslegra hjálpargagna í landafræði svo sem mynda, korta, forrita og vefja. Þá er fjallað um stöðu Jarðarinnar í sólkerfinu, braut hennar um Sólu, möndulhalla og snúning og áhrifa þess á ferla á Jörðu, bæði náttúrulega og manngerða. Einnig er fjallað um innræn og útræn öfl og hvernig þau móta í sífelli ásýnd Jarðarinnar. Að lokum er gefið stutt yfirlit yfir helstu hringrásir Jarðar með sérstöku tilliti til lífheimsins og mannvistarinnar í þessum lífheimi.

### Markmið áfangans:

Nemandi:

- Þekki nokkrar gerðir landakorta og geti notað þau sér til gagns.
- Kunni að fara með bauganet og kortahnit við staðarákvarðanir, legu, tímaákvarðanir, sólargang og ákvörðun vegalengda.
- Þekki helstu landfræðivefi og kunni að nota þá sér til gagns.
- Þekki helstu hugtök í landfræði og geti notað sér þau til útskýringa.
- Þekki breytingar á landslagi vegna náttúruferla og fyrir tilverknað mannsins.
- Þekki helstu náttúrulegu ferla við landmótun, bæði hvað varðar upphleðslu og niðurrif.
- Þekki helstu hringrásir lífheimsins svo sem vatns og kolefnis.
- Geri sér grein fyrir hvernig veður og loftslag hefur áhrif á umhverfi.
- Þekki meginflokka loftslags og veðurfarsleg og gróðurfarsleg einkenni þeirra hvers um sig.
- Þekki helstu þætti lofthjúps og myndunar veðurs.
- Þekki helstu sjávarstrauma heims og samband þeirra og staðvinda og veðurfars.
- Geti notað margvíslegar heimildir og gögn við upplýsingaöflun.
- Kunni meðferð tölulegra upplýsinga í töflureikni og að setja þær upplýsingar fram á myndrænan hátt
- Geti unnið sjálfstætt og með öðrum.
- Þjálfist í að nota reynslu sína og þekkingu þverfaglega og beita margskonar vinnuaðferðum.
- Læri að bera ábyrgð á eigin námi.

## Námsefni:

Landfræði, maðurinn auðlindirnar umhverfið: Kaflar 1 – 2 og 4 – 6. Kaflar 5, 6 og 12. Sumir kaflar eru teknir að hluta til. Annað efni af netinu eftir ábendingu kennara. Vísanir til annars efnis verða settar á Innu.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Námið skiptist í 4 námslotur. Efni hvernar lotu vísar í meginatriðum til titekinna kafla í námsefni. Hver lota er skipulögð eftir námsvikum, 3 – 5 vikur í hverri lotu, og samanstendur hver vika af innlögnum í fyrirlestraformi og verkefnavinnu undir leiðsögn kennara.

Vinna þarf **öllum verkefni** áfangans þannig að einkunn sé gefin fyrir hvert og eitt þeirra. Verkefnum hvernar lotu ber að ljúka innan tímamarka lotunnar. Ef verkefni er ekki klárað reiknast einkunn 0,00 fyrir það.

Í lok annar eru áætlaðir nokkrir dagar til uppsóps þar sem nemendum gefst kostur á að ljúka verkefnum sem af einhverjum ástæðum tókst ekki að ljúka á tilsettum tíma.

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.- 36.	18. ágúst - 10. september	Kennsla hefst mið. 18. okt. Námsáætlun áfangans kynnt <b>ALMENN LANDAFRÆÐI- LOTA 1</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Almenn landafræði</li><li>• Kort og kortagerð</li><li>• Fjarkönnunn</li><li>• Jörðin reikistjarnan okkar</li></ul> Kafla 1 og 2 í kennslubók. bls 8-39	<ul style="list-style-type: none"><li>• Staðfræði 1</li><li>• Staðfræði 2</li><li>• Staðfræði 3</li><li>• Ýmsar spurningar</li><li>• Hnattstaða</li><li>• Kortalestur</li><li>• Landupplýsingavefur Árborgar, stutt verkefni</li><li>• Landupplýsingavefur Árborgar, hópverkefni</li><li>• Stutt svör</li><li>• <u>Lotupróf 1</u></li></ul>
37.- 40.	13. september - 8. október	Miðannarmat, lokaskil fös. 8. okt. <b>ÖFL- LOTA 2</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Innri gerð jarðar og landrek</li><li>• Eldvirkni og innri öfl</li><li>• Veðrun og rof</li><li>• Jöklar</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Innri bygging jarðar</li><li>• Flekar</li><li>• Jarðskjálftar</li><li>• Veðrun og rof</li><li>• Ár og vötn</li><li>• Jöklar-yfirlitsmyndir og nöfn</li><li>• Jarðvegur</li></ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Hringrás næringarefna og jarðvegur</b></li> </ul> <p>Kafli 4 í kennslubókinni. bls. 69-81 og 97-117</p> <p>Horfum á 2 heimildamyndir, eina stutta og eina aðeins lengri</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jarðskjálftinn og flóðbylgjan í Japan</li> <li>• Veðrun og rof í mínu umhverfi</li> <li>• <i>Jöklar- tilraun</i></li> <li>• <i>Eldstöðvar- hópverkefni</i></li> <li>• Lotupróf 2</li> </ul>
41.-44.	11. október - 5. nóvember	<p>Haustfrí 14.-15. Október</p> <p><b>VATN- LOTA 3</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind</b></li> <li>• <b>Nytjavatn og vatnsorka á Íslandi</b></li> <li>• <b>Höf og hafstraumar</b></li> <li>• <b>Nýting hafsins</b></li> </ul> <p>Kafli 5 og 12 í kennslubókinni. bls. 124-133, 139-153, 352-359.</p> <p>Horfum á heimildarmynd um mengun í hafi</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hringrás vatns og grunnvatn</li> <li>• Hringrás vatns-sköpun</li> <li>• Vatnsnotkun mín</li> <li>• Höf og straumar</li> <li>• Sjávarföll</li> <li>• <i>Virkjanir</i></li> <li>• <i>Nærumhverfið og hafið-vandamál</i></li> <li>• Lotupróf 3</li> </ul>
45.-48.	8. nóvember - 3. desember	<p>Síðasti kennsludagur fös. 3. des.</p> <p><b>VEÐUR OG GRÓÐURFAR- LOTA 4</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fellibylir og lofthjúpur jarðar</li> <li>• Vindakerfi jarðar</li> <li>• Loftslag</li> <li>• Gróðurfar</li> </ul> <p>Kafli 6 í kennslubókinni. bls. 160-195.</p> <p>Í síðustu kennsluviku verður uppsóps vika þar sem hægt verður að klára þau verkefni sem að einhverjum ástæðum hafa ekki verið unninn</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fellibylur</li> <li>• Lofthjúpur jarðar, hæðir og lægðir</li> <li>• Fellibylir skoðaðir</li> <li>• Lofthjúpur jarðar-veggspjald</li> <li>• Vindakerfi jarðar</li> <li>• Loftslagsrit</li> <li>• Listaverk um loftslag</li> <li>• <i>Veðurverkefni</i></li> <li>• <i>Gróðurfarskort</i></li> <li>• Lotupróf 4</li> </ul>

49.- 50.	6. desember - 18. desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lokanámsmat hefst mán. 6. des.</li> <li>- Sjúkrapróf mán. 13. des.</li> <li>- Brautskráning lau. 18. des.</li> </ul>	
-------------	-------------------------------	---	--

### Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að ná 5,00 (50%) að meðaltali til að hafa staðist áfangann. Lágmarkseinkunn í einstökum verkefnum er 10%. Skili nemandi verkefni sem metið er til einkunnar undir 10% verður þeirri úrlausn eytt. Verkefninu telst engu að síður skilað en þá án einkunnar enda gefst nemandi kostur á því að skila verkefninu að nýju eftir að fyrri úrlausn var eytt. Skili nemandi verkefninu að nýju gildir sú úrlausn til mats í áfanganum.

Nú skilar nemandi ekki einhverju verkefni og dregst þá full einkunn fyrir það verkefni frá fenginni lokaekinn fyrir önnur verkefni.

### Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemandi reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá fyrir neðan). Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma.

Í hverri námslotu verða nokkur gagnvirk verkefni, eitt til tvö stærri verkefni og svo lýkur hverri námslotu með lotuprófi. Prófin eru rafræn og með tímamörkum eins og nánar er kynnt við upphaf hvers prófs.

Ljúka þarf öllum verkefnum og lotuprófum á tilskildum tíma og ná einkunn fyrir hvert og eitt. Lágmarkseinkunn fyrir hvert einstakt verkefni er 1 eða 10%. Lágmarkseinkunn til að ná áfanganum er 5,00 eða 50% sem lokaekinn. Í síðustu kennsluviku verður gefinn kostur á að vinna verkefni úr fyrri lotum sem einhverra hluta vegna kunna að vera óunnin. Einkunn fyrir óunnin verkefni er einkunnin 0, seim reiknast þá inn í lokaekinn.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lotupróf	Fjögur lotupróf í lok hvers lotu (rafræn)	40%
Umræður	Nemendur fá einkunn fyrir virkni í umræðum	5%
Stutt verkefni	Gagnvirk stutt verkefni sem eru unnin úr fyrirlesturum	20%
Löng verkefni	Lengri verkefni, oft unnin í hóp eða einstaklings ( <i>skáletruð verkefni hér fyrir ofan</i> )	35%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi 18.ágúst,2021, Hekla Þöll Stefánsdóttir